

Samband íslenskra myndlistarmanna
Hafnarstræti 16
101 Reykjavík

Reykjavík 20 janúar 2016

Forseti bæjarstjórnar,
Guðlaug Kristánsdóttir
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Samband íslenskra myndlistarmanna sendir hér með drög að samningi um þátttöku og framlag myndlistarmanna til sýningarhalds í opinberum listasöfnum, í kjölfar herferðinnar sem SÍM hefur staðið fyrir "VIÐ BORGUM LISTAMÖNNUM".

Að frumkvæði Sambands íslenskra myndlistarmanna var ákveðið að setja saman starfshóp í samstarfi við Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur, Hafnarborg menningar og listamiðstöð, Nýlistasafnið, Listasafn Árnesinga og Listasafn Akureyrar. Í starfshópnum sátu fyrir hönd SÍM, Ilmur Stefánsdóttir og Úlfur Grönvold, myndlistarmenn. Fyrir hönd safnanna sátu Þorgerður Ólafsdóttir, safnstjóri Nýlistasafnsins, og dr. Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands. Verkefnastjóri starfshópsins var Ásdís Spanó, myndlistarmaður.

Starfshópnum var ætlað að móta tillögur að launasamningum fyrir listamenn sem sýna í listasöfnum á Íslandi sem rekin eru eða styrkt af ríki eða sveitarfélögum.

Við gerð draganna leit starfshópurinn til sánska MU (Medverkande og utstallningsersatning)-samningsins, en sánska ríkið skrifð undir samning um þóknun til listamanna, sem sýna verk sín í opinberum listasöfnum í Svíþjóð, árið 2009. Slík þóknun er viðbót við greiðslur fyrir flutning, uppsetningu og útgáfu á efni fyrir sýningar er viðbót við greiðslur fyrir flutning, uppsetningu og útgáfu á efni fyrir sýningar listamannsins. Ísamningnum er kveðið á um að greiða þurf sérstaklega fyrir alla vinnu sem listamenn taka að sér í tengslum viðsýningar, bæði fyrir, eftir og meðan á sýningu stendur. Gera skal skriflegan samning um þau atriði sem greiða þarf laun fyrir, samkvæmt taxta samningsins, ásamt því að greiða þóknun fyrir sýnd verk. MU-samningurinn hefur verið fyrrmynd sambærilegra samninga í Noregi og Danmörku. Unnið er að gerð samninga í Finnlandi og Austurríki, með MU samninginn að leiðarljósi.

Stjórn SÍM langar að bjóða stjórn, Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðarbæjar, forseta bæjarstjórnar ásamt Ágústu Kristófersdóttur, safnstjóra Hafnarborg, Menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar kynningu á framlagssamningnum. Ásdis Spanó, verkefnastjóri og Jóna Hlíf Halldórsdóttir, formaður SÍM munu sjá um kynninguna.

SÍM hefur opna heimasíðuna www.vidborgummyndlistarmonnum.info þar sem hægt er að nálgast, greinar, myndbónd, útdrátt úr ársskýrslum listasafna og könnun SÍM á högum mynlistarmanna ásamt framlagssamningnum.

Fyrir hönd stjórnar SÍM

Jóna Hlíf Halldórsdóttir
Formaður SÍM

Samrit:

Menningar- og ferðamálanefnd.

Ágústa Kristófersdóttir, safnstjóri Hafnarborg, Menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar.